



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Munnmælasögur

ÍSLE3MU05

Kennsluáætlun – vorönn 2017

Kennari áfangans:

Ragnildur Elísabet Sigfúsdóttir (RES)

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um þjóðsögur, flökkusagnir, listina að segja sögu, munnlega geymd, almannaróm og annað sem tengja má munnmælasögum. Lögð er áhersla á einkenni munnmælasagna, trúverðugleika, uppruna og fleira í þá veru. Nemendur lesa allnokkrar sögur og frásagnir, safna munnmælum og vinna ýmis verkefni tengd efninu. Nemendur þjálfast í að segja sögur og beita til þess aðferðum og tækni sagnaþula.

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru eða tekin fyrir á annan hátt
- helstu einkennum munnmælasagna
- helstu tegundum munnmælasagna
- helstu hugtökum bókmenntafræðinnar sem tengjast sögum af þessu tagi
- því helsta sem hafa þarf í huga þegar saga er sögð

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flytja af nokkru öryggi sögur
- lesa sér til gagns og gamans frásagnir og umfjöllun um þær
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang og framsetningu ritaðs og talaðs máls
- greina lykilatriði og andstæð sjónarmið í mismunandi verkum

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bera saman mismunandi verk
- beita gagnrýninni hugsun í umfjöllun
- meta áreiðanleika sagna og heimilda
- beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- segja sögur á áhrifaríkan hátt þannig að helstu einkennum frásagnarlistarinnar skili sér

Kennslubækur og kennslugögn

- Lesefni frá kennara. Ljósrit og á MOODLE.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5.-6. janúar	Kynning.
2	9.-13. janúar	Þjóðsögur. Hugtakabanki og bragfræði.
3	16.-20. janúar	Þjóðsögur. Einkenni, flokkar og almenn samantekt. Lestur og verkefni.
4	23.-27. janúar	Þjóðsögur. Lestur og verkefni.
5	30. jan.-3. febrúar.	Þjóðsögur. Lestur og verkefni.
6	6.-10. febrúar	Þjóðsögur. Lestur og verkefni.
7	13.-17.febrúar	Þjóðsögur. Námsmat.
8	20.-24. Febrúar Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.	Listin að segja sögu.
9	27. feb.-3. mars Miðannamat hefst	Listin að segja sögu.
10	6. – 10. mars	Flökkusögur úr samtímanum. Lestur og verkefni.
11	13.-17. mars Vorfrí þann 17. mars	Flökkusögur úr samtímanum. Lestur og verkefni
12	20.-24. mars	Flökkusögur úr samtímanum. Námsmat.
13	27.-31. mars	Munnleg geymd fyrir ritöld. Námsmat.
14	3.-7. apríl	Almannarómur.
15	8.-14. apríl Páskafri	
16	16. – 18. apríl Páskafri 19 og 21. apríl Sumardagurinn fyrsti 20. apríl	Almannarómur.
17	24.-28. apríl	Almannarómur.
18	1. – 5. maí Frí 1. Maí	Almannarómur.
19	8.-10. maí	Almannarómur. Lokadagar.

Vægi námsþátta í lokaeinkunn

Þjóðsögur – 30%

- Ígrundanir
- verkefni
- próf

Listin að segja sögu – 15%

- ígrundun
- verkefni

Flökkusagnir – 20%

- ígrundanir
- verkefni
- próf

Munnleg geymd – 10%

- ígrundandir
- verkefni
- próf

Almannarómur – 15%

- ígrundanir
- verkefni
- próf

Vinna og ástundun á önn – 10%

Nánar um einstaka námsþætti í lokaeinkunn

Nemendur skila reglulega möppum sem geyma námsefni áfangans, verkefni og **ígrundanir** nemenda. Ígrundanir verða sérstaklega metnar inn í lokaeinkunn. Þátttaka í **umræðum** er afar mikilvæg og nemendur taka virkan þátt í umræðuverkefnum þegar þau eru lögð fyrir og skila skýrslum.

Hafið í huga...

Til þess að ljúka áfanganum þurfa nemendur að ljúka/skila öllum námsþáttum á réttum tíma.

Nemendur sem missa af prófum/verkefnum vegna veikinda bera sjálfir ábyrgð á því að tilkynna kennara að þeir eigi eftir að taka próf og óska eftir sjúkraprófi. Sjúkrapróf fara fram þegar nemandi mætir heill heilsu aftur í skólann.

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf!

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir
ragnhildurelisabet@gmail.com